

## Stjórnarfundur

Fundargerð mánudaginn 3. júní 2024

Mættir á skrifstofu félagsins: Heimir Karlsson, Tryggvi Eiríksson, Friðrik Höskuldsson

Á fjarfundi: Vignir Traustason, Pálmi Gauti Hjörleifsson, Jón Frímann Eiríksson og Kristinn Hólm Ásmundsson.

Formaður (ÁS) bauð alla velkomna og setti fundinn kl. 12:00.

Dagskrá fyrsta fundar nýrrar stjórnar FS.

### 1. Ákvörðun um fyrirkomulag boðunar varamanna á stjórnarfundum.

Formaður fór yfir úrslit kosninganna en kosið var rafrænt. Fundurinn lagði til að fyrsti varamaður í flokki fiskimanna yrði fyrstur inn ef einhver aðalmaður dettur út. Í öðrum flokkum er varamaður viðkomandi aðalmanns kallaður til í forföllum aðalmanns. Fundurinn ákvað að formaður boði varamenn eftir þörfum.

### 2. Kosning varaformanns og ritara samkvæmt 9. grein laga félagsins.

Formaður lagði til að Páll Ægir sæi um ritun fundargerða og sendir hann í framhaldi hvers stjórnarfundar fundargerð til fundarritara sem les yfir. Nokkur umræða skapaðist um val á varaformanni en Vignir Traustason lagði til að Pálmi Gauti Hjörleifsson yrði valinn varaformaður og var það samþykkt samhljóða. Heimir Karlsson bauð sig fram til ritara félagsins og leist mönnum ljómandi vel á það val og samþykktu samhljóða. Upplýsingar um stjórn og nefndir félagsins verða birtar inná heimasíðu félagsins.

### Umræða um 11. grein laganna um framkvæmdastjórn félagsins,

Framkvæmdastjórn félagsins skipa skv. lögnum formaður, varaformaður og framkvæmdastjóri. ÁS lagði til að hann gengdi áfram stöðu framkvæmdastjóra ásamt formennsku í félaginu enda taldi hann óþarfa á fámennri skrifstofu félagsins að hafa sér framkvæmdastjóra. Stjórnarmenn samþykktu þá tilhögun. Samþykkt var að framkvæmdastjórn yrði skipuð formanni, varaformanni og ritara.

### 3. Ákvörðun um kaup og sölu íbúða á Akureyri.

Fyrir liggur samþykki fyrri stjórnar félagsins um kaup á íbúð nr. 101 Austurbrú nr. 10 á Akureyri kr. 106.900,000

Fyrir lá samþykki fyrri stjórnar á íbúð nr.205 í Austurbrú 12, en því tilboði var hafnað af seljanda sem vill einungis selja íbúðir í nr. 10 til stéttarféлага.

Við eigum frátekna íbúð nr. 202 í Austurbrún nr. 10 og mælti formaður með því að félagið kaupi þá íbúð, þetta er góð fjárfesting sem alltaf er hægt að selja, nýtist hún illa.

Fyrir lá samþykki fyrri stjórnar á sölu á íbúð félagsins í Furulundi nr. 10. og verður hún sett á sölu bráðlega. Fundurinn samþykkti samhljóða að formaður sjái um kaup á þessum tveimur íbúðum og sölu á Furulundinum.

### 4. Önnur mál

Pálmi Gauti sagði frá því að hefð hefði skapast hjá sjómannafélögum norðan heiða að heiðra sjómenn þegar þeir ljúka störfum. Hann lagði til að FS gerði slíkt hið sama og að stjórnarmenn gætu tilnefnt tvo skipstjórnarmenn á ári, hvar sem er á landinu, og félagið okkar heiðrað þá með viðhöfn. Sú tillaga var samþykkt.

Formaður sagði frá því hvernig Sjómannaþingsráð heiðrar sjómenn í Reykjavík, en FS tilnefnir tvo menn til heiðrunar á sjómannadaginn ár hvert.

Formaður sagði frá haustfundum sem haldnir eru árlega á Grand með stjórnarmönnum Vísis, félags skipstjórnarmanna á Suðurnesjum og skipstjórafélaginu Verðandi í Vestmannaeyjum. Þessi fundir hafa gefið góða raun og menn skipst á ýmsum upplýsingum um störf félaganna. Til stendur að sjórn félagsins hittist á haustfundi á Grand og er hugmyndin að kveðja gömlu stjórnina formlega og þakka fyrir góð störf.

Fundurinn ákvað að hafa haustfund félaganna þriggja í september, nánari útfærsla verður send síðar. Síðari daginn myndi félagið bjóða þeim mönnum sem heiðra á til samsætis á Grand.

Stjórnarmaður vakti athygli á því að umræða væri um að til stæði að áhöfn Þerneyjar (ex. Ilivilec) myndi sjá um löndun úr skipinu, en verið er að flagga skipinu inn af Grænlandi til flaggi. Áhöfn Ilivilec hefur séð um löndun í Grænlandi. Nokkur umræða skapaðist um málið. Stjórnarmaður sagði að stigsmundur væri á því hvort áhöfn semur um þessa tilhögun löndunarmála eða hvort sjómenn verða þvingaðir til að taka þetta að sér. Formaður benti á að skv. kjarasamningi væri þetta óheimilt, þetta væri frávik frá kjarasamningi og þyrfti að gera sérsamning með aðkomu stéttarfélaganna, hann myndi kanna þetta mál og ræða við önnur stéttarfélög.


Heimir Karlsson sagði það sína skoðun að breyta þyrfti reglum um gæludýrahald í sumarbústöðum félagsins á Laugarvatni. Hans skoðun er að bæta þurfi við einum sumarbústað þar sem gæludýrahald verður leyft. Nokkur umræða skapaðist um málið en enginn fundarmanna lýsti sig andsnúinn þessari tillögu Heimis. Tillaga um að leyfa hundahald til prufu í Ægisbóli samþykkt.

Fleira ekki rætt,

Fundi slitið kl. 13:00



Árni Sværnisson formaður



Páll Egir Pétursson fundaritari